



265. Stjórnarfundur haldinn 16. mars 2006 kl:18:00

Mættir: Einar, Kári, Þórður, Birgir, Sveinn, Guðjón og Bjarney.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Lesin og samþykkt.

2. Innkomin bréf.

Engin

3. Send bréf.

Engin

4. Önnur mál.

Framkvæmdastjóri fór yfir tilboð frá Dacoda varðandi uppfærslu á heimasíu.

Samþykkt að fara í uppfærslu á heimasíðu félagsins og framkvæmdastjóra falið að vinna málið með Dacoda. Talað var um viðbætur og frekari nýtingu heimsíðunnar í félagsstarfinu t.d. við bókun á fundarsal o.fl.

Umræður um byggingu nýs félagsheimilis. Vitnað var í skrif Helga B. í

Morgunblaðinu 11. mars en þar er haft eftir Jónasi Þ. Jónassyni, hjá þróunarsviði

Fasteigna ýmis önnur verkefni væri í þróun hjá Fasteign og Reykjanesbæjar og nefndi Jónas félagsaðstöðu fyrir Keflavík íþrótt- og ungmennafélag. Afrit af tölvupósti sem Stefán Bjarkason sendi til Ragnars hjá Fasteign þar sem þess er farið á leit við þá að boða félagið strax að fyrsta undirbúningi að nýju félagsheimili. Stjórnarmenn fagna því að félagsaðstaðan virðist vera komin á dagskrá og á undirbúningsstig.

Framkvæmdastjóri sagði frá því fari væri að huga að ráðningum í íþrótt- og leikjaskólann.

Umræður um slysatilkynningar og þegar slys verða við íþróttaiðkun.

Væntanlega verða námskeið í Felix 21. og 28. mars fyrir stjórnarfolk og síðar fyrir þjálfara.

Boðað hefur verið til fundar á morgun 17, mars þar sem fulltrúar íþrótt- og tómtundamála undirrita samninga við Reykjanesbæ vegna rekstrar hinna ýmissa verkefna. Stjórnarmenn spurðust fyrir hvort eitthvað nýtt sé í þessum samningum sem snýr að Keflavík. Fyrir liggur nýr samningur vegna rekstrar á félagsaðstöðunni sem Aðalstjórn rekur sem sambærilegur við rekstur á félagsaðstöðu sem Njarðvík hefur til umráða.

Fleira ekki gert fundi slitið kl. 19:00.

